

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 61/2014

2014/EES/54/15

frá 24. janúar 2014

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín, fenprópídín, formetanat, oxamýl og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir tómata og eggaldin. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín í vorsalati, salati, klettasalati, baunum (ferskum með fræbelg), ertum (ferskum með fræbelg) og sellerí og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín og oxamýl. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir fenprópídín, formetanat og tebúkónasól.
- 2) Að því er varðar sýrómasín lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005⁽²⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 22, 25.1.2014, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for cyromazine according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(7), 2326, (52 bls.).

- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín í ferskum kryddjurtum og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Með tilliti til viðbótarupplýsinga um góðar starfsvenjur í landbúnaði, sem Holland hefur lagt fram, og þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 369/2005 við gildandi gildi. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin benti á að mat á notkun sýrómasíns á breiðblaða salatfífla kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Að því er varðar þá afurð ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

- 6) Sýrómasín er lyfjafræðilega virkt efni í dýralækningum. Að því er varðar sauðfjárafurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir við sama gildi og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010⁽³⁾ þar eð reikna verður með því að váhrif af völdum notkunar í dýralyf verði meiri en af völdum notkunar í plöntuverndarvörur.
- 7) Að því er varðar fenprópidín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005⁽⁴⁾. Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir banana, hafra, rúg, hveiti og sykurrófur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim.
- 8) Að því er varðar formetanat lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. hennar⁽⁵⁾. Hún mælti með því að viðhalda núverandi hámarksgildum leifa fyrir tómata.
- 9) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir formetanat í melónum og vatnsmelónum og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 10) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir formetanat í vínberjum til neyslu og vínþrúgum, jarðarberjum, paprikum, gúrkum, baunum með fræbelg, blaðlaukum og dvergbítum og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 11) Matvælaöryggisstofnunin benti á að gildandi hámarksgildi leifa fyrir formetanat í dvergbítum kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd.
- 12) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið formetanat til notkunar á apríkósur, ferskjur/nektarínur, vínber til neyslu og vínþrúgur, jarðarber, paprikur, gúrkur, melónur, risagrasker, vatnsmelónur, salat og breiðblaða salatfífla var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.
- 13) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni.
- 14) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa⁽⁶⁾. Matvælaöryggisstofnunin sendi þetta álit til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.
- 15) Að því er varðar notkun formetanats á apríkósur komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í rökstuddu áliti sínu að fyrirbyggjandi gögn væru ekki fullnægjandi til að fastsetja nýtt hámarksgildi leifa. Hún benti á að tillögð hámarksgildi leifa fyrir jarðarber, paprikur, gúrkur og dvergbíta kunni að gefa tilefni til áhyggna varðandi neytendavernd. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 16) Að því er varðar alla aðra notkun komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendurnir óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Hún tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika formetanats. Hvorki ævilöng váhrif af völdum þessa efnis vegna neyslu á öllum matvælum sem geta innihaldið það né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi nytjaplöntum og afurðum sýndu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega, daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.
- ⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).
- ⁽⁴⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for fenpropidin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(8), 2333, (42 bls.)
- ⁽⁵⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for formetanate according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(10), 1832, (30 bls.)
- ⁽⁶⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for formetanate in various crops“. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012, 10(8), 2866, (35 bls.)

- 17) Að því er varðar oxamýl lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. hennar⁽⁷⁾. Hún mælti með því að viðhalda núverandi hámarksgildum leifa að því er varðar tilteknar afurðir.
- 18) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir oxamýl í appelsínunum, mandarínunum, banönum, tómötum, eggaldinum, gúrkum, smágúrkum og dvergbítum og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tilliti til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir appelsínur, mandarínur og kartöflur komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda, að teknu tilliti til sérstakra magngreiningarmarka í prófunum á leifum.
- 19) Matvælaöryggisstofnunin benti á að metin ný notkun oxamýls í paprikur, melónur og vatnsmelónur, sem og gildandi hámarksgildi leifa fyrir paprikur, kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 20) Að því er varðar tebukónasól lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005⁽⁸⁾. Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún lagði til að hámarksgildi leifa yrði lækkað fyrir epli, perur, apríkósur, ferskjur, vínber til neyslu, jarðarber, brómber, hindber, bláber, trönuber, rífsber og sólber, stikilsber, ylliber, gulrætur, nípur, steinseljurætur, hvítlauk, tómata, gúrkur, risagrasker, vatnsmelónur, spergilkál, blómkál, höfuðkál, spergla, blaðlauka, sojabauur, rúgkorn, hveitikorn og mjólk úr jörturdýrum. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim.
- 21) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir tebukónasól í kirsuberjum, vínþrúgum, daggarberjum, hafursrótum, eggaldinum, melónum, selleríi, jarðhnetum, hrísgrjónum, humlum, kryddi (fræi) og kúmeni og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þau hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tilliti til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Að því er varðar kúmen þykir rétt að taka tillit til viðbótarupplýsinga um góðar starfsvenjur í landbúnaði, sem Austurríki hefur lagt fram, og fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þá afurð við sama gildi og fyrir flokkinn krydd — fræ.
- 22) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að upplýsingar vanti um hámarksgildi leifa fyrir tebukónasól í hnúðkáli, baunum (ferskum, með og án fræbelgs), ertum (ferskum, með fræbelg), sólblómafræjum og sykurrófurótum og að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar hnúðkál, sólblómafræ og sykurrófurætur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Með tilliti til athugasemda viðskiptaaðila Sambandsins og þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir baunir (ferskar, með og án fræbelgs) og ertur (ferskar, með fræbelg) í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi. Hámarksgildi leifa fyrir baunir (ferskar, með og án fræbelgs) og ertur (ferskar, með fræbelg) verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 23) Matvælaöryggisstofnunin benti á að metin notkun á tebukónasóli á kínakáli, sem og gildandi hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, kirsuber, ferskjur, vínber til neyslu og vínþrúgur og kínakál, kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Að því er varðar kínakál ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

⁽⁷⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for oxamyl according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(10), 1830, (34 bls.)

⁽⁸⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels (MRLs) for tebuconazole according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(8), 2339, (96 bls.)

- 24) Að því er varðar tebúkónasól í sítrusávöxtum, að undanskildum appelsinum, salati og öðrum salatplöntum, graslauk, steinselju og þurrkuðum belgávöxtum lagði Matvælaöryggisstofnunin fram álit varðandi hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir⁽⁹⁾(¹⁰). Þar eð þessi álit innihalda viðbótarupplýsingar, sem ekki hafa áður verið tiltækar fyrir Matvælaöryggisstofnunina, þykir rétt að taka tillit til þeirra.
- 25) Að því er varðar tebúkónasól í plómum, hvítlauk, laukum, sykurmaís, ætíþistlum, þurrkuðum baunum, jarðhnetum, sojabauunum, baðmullarfræjum, humlum og ætum sláturmat úr spendýrum samþykkti Alþjóðamatvæslaskráráðið (CAC)⁽¹¹⁾ hámarksgildi leifa í Alþjóðamatvæslaskránni (CXL-hámarksgildi) fyrir tebúkónasól. Þar eð þessi CXL-hámarksgildi eru studd með uppfærðu mati Matvælaöryggisstofnunarinnar þykir rétt að taka tillit til þeirra, að þeim CXL-hámarksgildum undanskildum sem eru ekki örugg fyrir neytendur í Sambandinu og sem Sambandið lagði fram fyrirvara um hjá Alþjóðamatvæslaskráráðinu⁽¹²⁾.
- 26) Að því er varðar afurðir, þar sem ekki hefur verið tilkynnt um viðeigandi leyfi eða innflutningsvikmörk á vettvangi Evrópusambandsins og engin hámarksgildi leifa í Alþjóðamatvæslaskránni liggja fyrir, komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að þörf sé á frekari athugun áhættustjórnenda. Með tilliti til núverandi vísinda- og tæknipækingar ætti að fastsetja hámarksgildi leifa að því er varðar þær afurðir við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 27) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli fyrir málefnið sem er í athugun uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 28) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 29) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 30) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar á löglegan hátt áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið.
- 31) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 32) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Að því er varðar virk efni í og á afurðum sem eru tilgreind í eftirfarandi skrá gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar á lögmætum hátt fyrir 14. ágúst 2014:

- 1) sýrómasín og fenprópidín: allar afurðir,
- 2) formetanat: allar afurðir nema vínber til neyslu og vínþrúgur, tómatar, eggaldín, dvergbitar, melónur, risagrasker og vatnsmelónur,
- 3) oxamýl: allar afurðir nema paprikur,
- 4) tebúkónasól: vín og allar aðrar afurðir nema epli, perur, kirsuber, ferskjur, vínber til neyslu og vínþrúgur og kínakál.

⁽⁹⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Modification of the existing MRLs for tebuconazole in pulses“. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011, 9(6), 2282, (30 bls.)

⁽¹⁰⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for tebuconazole in citrus (except oranges), lettuce and other salad plants, parsley and chives“. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012, 10(9), 2898, (37 bls.)

⁽¹¹⁾ Skýrslur nefndar Alþjóðamatvæslaskráráðsins um varnarefnaefnar eru aðgengilegar á http://www.codexalimentarius.org/download/report/777/REP12_PRe.pdf Joint FAO/WHO food standards programme Codex Alimentarius Commission. II. og III. viðbætur. Þritugasti og fimmti fundur. Róm, Ítalíu, 2.–7. júlí 2012.

⁽¹²⁾ Scientific support for preparing an EU position in the 44th Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(7), 2859. [155 bls.]

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal þó gilda frá 14. ágúst 2014 nema um formetanat í vínberjum til neyslu og vínþrúgum, tómötum, eggaldinum, melónum, risagraskerjum og vatnsmelónum sem hún gildir um frá gildistökudegi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað dálkanna fyrir sýrómasín og oxamýl komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(*)	Sýrómasín	Oxamýl
1	2	3	4
0100000	1. NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR	0,05 ^(*)	0,01^(*)
0110000	i. Sítrusávéxtir		
0110010	Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló (að undanskildum minneólum), ljótaldin og aðrir blendingar)		
0110020	Appelsínur (ilmappelsínur, beiskjuappelsínur, myrtuappelsínur og aðrir blendingar)		(+)
0110030	Sítrónur (skrápsítróna, sítróna, fingursítróna (<i>Citrus medica</i> var. <i>sarcodactylis</i>))		
0110040	Súraldin		
0110050	Mandarínur (klementínur, tangarínur, minneólur og aðrir blendingar tangórínu (<i>Citrus reticulata</i> x <i>sinensis</i>))		(+)
0110990	Annað		
0120000	ii. Trjáhnatur		
0120010	Möndlur		
0120020	Parahnatur		
0120030	Kasúhnatur		
0120040	Kastaníuhnatur		
0120050	Kókoshnatur		
0120060	Heslihnatur (stórheslihnatur)		
0120070	Goðahnatur		
0120080	Pekanhnatur		
0120090	Furuhnatur		
0120100	Pistasiuhnatur		
0120110	Valhnatur		
0120990	Annað		
0130000	iii. Kjarnaávéxtir		
0130010	Epli (skógarepli)		
0130020	Perur (sandperur)		
0130030	Kveði		

1	2	3	4
0130040	Trjámispilsaldin		
0130050	Dúnepli		
0130990	Annað		
0140000	iv. Steinaldin		
0140010	Apríkósur		
0140020	Kirsuber (sætkirsuber, súrkirsuber)		
0140030	Ferskjur (nektarínur og áþekkir blendingar)		
0140040	Plómur (sveskjuplómur, eðalplómur, kirsuberjaplómur, þyrniplómur, brjóstaber (<i>Zizyphus zizyphus</i>))		
0140990	Annað		
0150000	v. Ber og smá aldin		
0151000	a) <i>Vínber til neyslu og vínþrúgur</i>		
0151010	Vínber til neyslu		
0151020	Vínþrúgur		
0152000	b) <i>Jarðarber</i>		
0153000	c) <i>Klungurber</i>		
0153010	Brómber		
0153020	Daggarber (logaber, lóganber, bersaber, múltuber og aðrir <i>Rubus</i> -blendingar)		
0153030	Hindber, (vínhindber, heimskautaber/hindber, (<i>Rubus arcticus</i>), mjaðarhindber (<i>Rubus arcticus</i> x <i>Rubus idaeus</i>))		
0153990	Annað		
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>		
0154010	Bláber (aðalbláber)		
0154020	Trönumber (rauðber/týtuber (<i>V. vitis idaea</i>))		
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber		
0154040	Stíkilsber (þ.m.t. blendingar við aðrar <i>Ribes</i> -tegundir)		
0154050	Rósaldin		
0154060	Mórber (aldin jarðarberjatrés)		
0154070	Eplapýrniber (kívíber (<i>Actinidia arguta</i>))		
0154080	Ylliber (logalaufsber, reyniber, hafþýrniber/strandþýrniber, snæþýrniber, amalber og önnur ber af trjákenndum plöntum)		
0154990	Annað		
0160000	vi. Ýmis aldin		
0161000	a) <i>Ætt hýði</i>		
0161010	Döðlur		

1	2	3	4
0161020	Fíkjur		
0161030	Ólífur til átu		
0161040	Gullappelsínur (Marumi gullappelsínur, nagami gullappelsínur, læmhvatar (<i>Citrus aurantifolia</i> x <i>Fortunella</i> spp.))		
0161050	Stjörnualdin (bilimbi)		
0161060	Gallaldin		
0161070	Jövuþlómur (jövuepli, malajaepi, rósaepi, brasíliukirsuber, grumichama (<i>Eugenia uniflora</i>))		
0161990	Annað		
0162000	b) <i>Óætt hýði, lítið</i>		
0162010	Kíví		
0162020	Litkabur (trölligulber, ígulber, vörtuber, gullaldin, búlukka, salak)		
0162030	Píslaraldin		
0162040	Kaktusfíkjur		
0162050	Stjörnuepli		
0162060	Persimónur (Virgíníu-kakí) (svartaldin, mexíkóperur, grænaldir, gulaldin, mjúkaldir)		
0162990	Annað		
0163000	c) <i>Óætt hýði, stórt</i>		
0163010	Lárperur		
0163020	Bananar (dvergbananar, mjólbananar, eplabananar)		(+)
0163030	Mangó		
0163040	Papæjaldin		
0163050	Granatepli		
0163060	Morgunberkjur (kvöldberkjur, sykurepli/sólberkjur, flosberkjur (<i>Annona diversifolia</i>) og önnur miðlungsstór aldir af berkjuviðarætti)		
0163070	Gvövrur (drekaávéxtir (<i>Hylocereus undatus</i>))		
0163080	Ananas		
0163090	Brauðaldin (saðningaraldin)		
0163100	Dáraldir		
0163110	Nónberkjur		
0163990	Annað		
0200000	2. NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI		
0210000	i. Rótarávéxtir og hnýði	0,05^(*)	0,01^(*)
0211000	a) <i>Kartöflur</i>		
0212000	b) <i>Hitabeltisrótarávéxtir og -hnýði</i>		

1	2	3	4
0212010	Kassava (berrirætur, japanskar þerrirætur, filseyru)		
0212020	Sætuhnúðar		
0212030	Mjölrótarhnyði (svarðarhnetur, jíkamarætur)		
0212040	Örvarrætur		
0212990	Annað		
0213000	c) <i>Aðrir rótarárvextir og hnyði, að sykkurófum undanskildum</i>		
0213010	Rauðrófur		
0213020	Gulrætur		
0213030	Hnúðsilla		
0213040	Piparrót (hvannarætur, skessujurtarrætur, maríuvandarætur)		
0213050	Ætifiðlar (hnúskaljós)		
0213060	Nipur		
0213070	Steinseljurætur		
0213080	Hreðkur (vetrarhreðkur, japanskar hreðkur, ætihreðkur og svipuð yrki, hnetusveipsef (<i>Cyperus esculentus</i>))		
0213090	Hafursrætur (svartrætur, æt krókalappa)		
0213100	Gulrófur		
0213110	Næpur		
0213990	Annað		
0220000	ii. Laukar	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0220010	Hvítlaukur		
0220020	Laukar (aðrir laukar, silfurlaukar)		
0220030	Skalottlaukar		
0220040	Vorlaukar og pípulaukar (aðrir vorlaukar og svipuð yrki)		
0220990	Annað		
0230000	iii. Aldingrænmeti		
0231000	a) <i>Náttskuggaætt</i>		
0231010	Tómatar (kirsuberjatómatar, <i>Physalis</i> spp., goðaber, úlfaber (<i>Lycium barbarum</i> og <i>L. chinense</i>), trjátómatar)	0,6	0,01 ^(*) (+)
0231020	Paprikur (eldpipar)	1,5	0,01 ^(*)
0231030	Eggaldin (melónuperur, ljósaeggaldin (<i>S. macrocarpon</i>))	0,6	0,02 (+)
0231040	Okrur	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0231990	Annað	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)

1	2	3	4
0232000	b) <i>Graskersætt — með ætu hýði</i>	2	0,01^(*) (+)
0232010	Gúrkur		
0232020	Smágúrkur		
0232030	Dvergbítar (sumargrasker, grasker (gárugrasker), flöskugrasker (<i>Lagenaria siceraria</i>), kajót, beiskjugúrkur, slöngugúrkur, rifjalúffur)		
0232990	Annað		
0233000	c) <i>Graskersætt — með óætu hýði</i>	0,4	0,01 ^(*)
0233010	Melónur (horngúrkur)		
0233020	Risagrasker (vetrargrasker, grasker (seinsprottið yrki))		
0233030	Vatnsmelónur		
0233990	Annað		
0234000	d) <i>Sykurmaís (dvergmaís)</i>	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0239000	e) <i>Annað aldingrænmeti</i>	0,05 ^(*)	0,01^(*)
0240000	iv. Kál	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0241000	a) <i>Blómstrandi kál</i>		
0241010	Spergilkál (kalabriukál, næpukál, kínaspergilkál)		
0241020	Blómkál		
0241990	Annað		
0242000	b) <i>Kálhöfuð</i>		
0242010	Rósakál		
0242020	Höfuðkál (toppkál, rauðkál, blöðrukál, hvítkál)		
0242990	Annað		
0243000	c) <i>Blaðkál</i>		
0243010	Kínakál (sinnepskál, blaðkál, rósettukál, blómsturkál)		
0243020	Grænkál (sveitakál, portúgalskt grænkál, portúgalskt hvítkál, föðurkál)		
0243990	Annað		
0244000	d) <i>Hnúðkál</i>		
0250000	v. Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir		
0251000	a) <i>Salat og aðrar salatplöntur, þ.m.t. plöntur af krossblómaætt</i>		0,01 ^(*)
0251010	Vorsalat (strábrúða)	15 (+)	
0251020	Salat (höfuðsalat, lollo rosso-salat (laufsalat), jöklasalat, bindisalat)	3 (+)	
0251030	Breiðblaða salatfíflar (villtir kaffifíflar, rauðlaufssalat, hrokkinblaðssalat, sykurbrauðs-salat (<i>C. endivia</i> var. <i>crispum</i> / <i>C. intybus</i> var. <i>foliosum</i>), túnfíflsblöð)	0,05 ^(*)	

1	2	3	4
0251040	Karsi (mungbaunaspirur, refasmáraspirur)	0,05^(*)	
0251050	Vetrarkarsi	0,05^(*)	
0251060	Klettasalat (gyltumustarður (<i>Diplotaxis</i> spp.))	3 (+)	
0251070	Sinnepskál	0,05 ^(*)	
0251080	Blöð og stíkar af <i>Brassica</i> spp. þ.m.t. næpukál (misunakál, blöð af baunategundum og hreðkum og önnur unglöð af plöntum, þ.m.t. af ættkvíslinni <i>Brassica</i> (plönturnar eru uppskornar þegar þær eru komnar með allt að 8 eiginleg laufblöð), hnúðkálslöð)	0,05 ^(*)	
0251990	Annað	0,05^(*)	
0252000	b) <i>Spínat og áþekkt grænmeti (blöð)</i>	0,05^(*)	0,01 ^(*)
0252010	Spínat (nýsjálenskt spínat, blöð af halategundum (<i>Amaranthus</i>), filseyru, sandbrúða)		
0252020	Súpugull (diskgrýta, garðaportúlakki, portúlakki, súrsmæra, strandstjaki, sódautarblöð (<i>Salsola soda</i>))		
0252030	Blaðbeðjur (rauðrófulauf)		
0252990	Annað		
0253000	c) <i>Vínviðarlauf (klifurspínat/malabarspínat, bananablöð, klífurakasia (<i>Acacia pennata</i>))</i>	0,05^(*)	0,01 ^(*)
0254000	d) <i>Brunnperla (tjarnavaflukka, hærurkrossburkni, vatnsmímósa)</i>	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0255000	e) <i>Jólasalat</i>	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0256000	f) <i>Kryddjurtir</i>	15 (+)	0,02^(*)
0256010	Kerfill		
0256020	Graslaukur		
0256030	Blaðsellerí (fennikulauf, kórianderlauf, dilllauf, kúmenlauf, skessujurtarlauf, hvönn, spánarkerfill og önnur lauf af sveipjurtaett, fýlusveipþyrnir (<i>Eryngium foetidum</i>))		
0256040	Steinselja (blöð af seljurót)		
0256050	Salvía (vetrarsar, sumarsar, hjólkrónublöð)		
0256060	Rósmarín		
0256070	Garðablöðberg (meiran, kjarminta)		
0256080	Basilíka (blöð af hjartafró, piparminta, helgibasilíka, basilíka, sítrónubasil, æt blóm (morgunfrú og önnur), flókajurt, villt betellauf, karrilauf)		
0256090	Lárviðarlauf (sítrónugras)		
0256100	Fáfnisgras (ísópur)		
0256990	Annað		
0260000	vi. Belgávextir (ferskír)		0,01 ^(*)
0260010	Baunir (með fræbelg) (grænar baunir/garðbaunir/belgbaunir, glæsibaunir, snittubaunir, spergilbaunir, þyrpibaunir, sojabaunir)	5 (+)	
0260020	Baunir (án fræbelgs) (breiðbaunir, flögubaunir, risabaunir, smjörbaunir, augnbaunir)	0,05 ^(*)	
0260030	Ertur (með fræbelg) (sykurertur)	5 (+)	

1	2	3	4
0260040	Ertur (án fræbelgs) (garðertur, grænar ertur, kjúklingabaunir)	0,05 ^(*)	
0260050	Linsubaunir	0,05 ^(*)	
0260990	Annað	0,05 ^(*)	
0270000	vii. Stöngulgrænmeti (ferskt)		0,01 ^(*)
0270010	Sperglar	0,05 ^(*)	
0270020	Salatþistlar (hjólkrónustilkar)	0,05 ^(*)	
0270030	Selleri	3 (+)	
0270040	Fenníkur	0,05 ^(*)	
0270050	Ætiþistlar (bananablóm)	0,05^(*)	
0270060	Blaðlaukar	0,05 ^(*)	
0270070	Rabarbarar	0,05 ^(*)	
0270080	Bambussprotar	0,05 ^(*)	
0270090	Pálmakjarnar	0,05 ^(*)	
0270990	Annað	0,05 ^(*)	
0280000	viii. Sveppir		0,01 ^(*)
0280010	Ræktaðir sveppir (ætisveppur, ostrusveppur, shiitake-sveppur, sveppmygla (plöntuhlutur))	10	
0280020	Villtir sveppir (kantarella, truffla, steinmyrkill, kóngssveppur)	0,05 ^(*)	
0280990	Annað	0,05 ^(*)	
0290000	ix. Þang og þari	0,05 ^(*)	0,01^(*)
0300000	3. ÞURRKADIR BELGÁVEXTIR	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0300010	Baunir (breiðbaunir, bostonbaunir, flögubaunir, risabaunir, smjörbaunir, hestabaunir, augnbaunir)		
0300020	Linsubaunir		
0300030	Ertur (kjúklingabaunir, gráertur, varpabaunir)		
0300040	Lúpínur		
0300990	Annað		
0400000	4. OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	0,05 ^(*)	0,01^(*)
0401000	i. Olíufræ		
0401010	Höfræ		
0401020	Jarðhnetur		
0401030	Valmúufræ		
0401040	Sesamfræ		
0401050	Sólblómafræ		

1	2	3	4
0401060	Repjufræ (arfanæpa, akurfrækál)		
0401070	Sojabaunir		
0401080	Mustarðsfræ		
0401090	Baðmullarfræ		
0401100	Risagraskersfræ (önnur fræ aldina af graskersætt)		
0401110	Litunarþistlar		
0401120	Hjólkrónur (sævarkollur (<i>Echium plantagineum</i>), akursteinka (<i>Buglossoides arvensis</i>))		
0401130	Akurdoðrur		
0401140	Hampfræ		
0401150	Kristpálmafræ		
0401990	Annað		
0402000	ii. Ólífurik aldin		
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu		
0402020	Pálmahnetur (olíupálmakjarnar)		
0402030	Pálmaaldin		
0402040	Dúnviðaraldin		
0402990	Annað		
0500000	5. KORNTEGUNDIR	0,05 ^(*)	0,01 ^(*)
0500010	Bygg		
0500020	Bókhveiti (halar, frumbyggjanjólí)		
0500030	Máis		
0500040	Hirsi (kólfhirsí, hvingresi, fingurhirsí, perluhirsí)		
0500050	Hafrar		
0500060	Hrisgrjón (vilt hrisgrjón (<i>Zizania aquatica</i>))		
0500070	Rúgur		
0500080	Dúrra		
0500090	Hveiti (spelt, rúghveiti)		
0500990	Annað (fræ af kanarigrasi (<i>Phalaris canariensis</i>))		
0600000	6. TE, KAFFI, JURTATE OG KAKÓ	0,1 ^(*)	0,05 ^(*)
0610000	i. Te		
0620000	ii. Kaffibaunir		
0630000	iii. Jurtate (þurrkað)		
0631000	a) <i>Blóm</i>		

1	2	3	4
0631010	Kamillublóm		
0631020	Blóm af læknakólfi		
0631030	Rósablöð		
0631040	Jasminublóm (ylliblóm (<i>Sambucus nigra</i>))		
0631050	Lindiblóm		
0631990	Annað		
0632000	b) <i>Lauf</i>		
0632010	Jarðarberjalauf		
0632020	Rauðrunnalauf (laufblöð af musteristré)		
0632030	Indíánaþyrnislauf (Maté)		
0632990	Annað		
0633000	c) <i>Rætur</i>		
0633010	Garðabrúðurót		
0633020	Ginsengrót		
0633990	Annað		
0639000	d) <i>Önnur jurtate</i>		
0640000	iv. Kakóbaunir (gerjaðar eða þurrkaðar)		
0650000	v. Karób (Jóhannesarbrauð)		
0700000	7. HUMLAR (þurrkaðir)	0,1^(*)	0,05^(*)
0800000	8. KRYDD		
0810000	i. Fræ	0,1^(*)	0,05^(*)
0810010	Anís		
0810020	Ilmfrú		
0810030	Sellerifræ (skessujurtarfræ)		
0810040	Kórianderfræ		
0810050	Kúmínfræ		
0810060	Dillfræ		
0810070	Fenníkufræ		
0810080	Grikkjasmári		
0810090	Múskat		
0810990	Annað		
0820000	ii. Aldin og ber	0,1^(*)	0,05^(*)
0820010	Allrahanda		

1	2	3	4
0820020	Kínapipar (aníspipar)		
0820030	Kúmen		
0820040	Kardimommur		
0820050	Einiber		
0820060	Pipar, svartur, grænn og hvítur (langpipar, rósapipar)		
0820070	Vanillustangir		
0820080	Tamarind		
0820990	Annað		
0830000	iii. Börkur	0,1^(*)	0,05^(*)
0830010	Kanill (kassúkanill)		
0830990	Annað		
0840000	iv. Rætur eða jarðstönglar		
0840010	Lakkrísrot	0,1^(*)	0,05^(*)
0840020	Engifer	0,1^(*)	0,05^(*)
0840030	Túrmerik (kúrkúma)	0,1^(*)	0,05^(*)
0840040	Piparrót	(+)	(+)
0840990	Annað	0,1^(*)	0,05^(*)
0850000	v. Blómknappar	0,1^(*)	0,05^(*)
0850010	Negull		
0850020	Kapers		
0850990	Annað		
